

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 21/1945. **Skipaútgerð ríkisins**
 gegn

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 22/1945. **Skipaútgerð ríkisins**
 gegn

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 22/1944. **Pöntunarfélagið á Eyrarbakka**
 (Kristján Guðlaugsson)
 gegn

Eyrarbyggahreppi. (Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 29. febr. 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. marz s. á. og krafizt ómerkningar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hendi stefnda hefur málskostnaðarkröfu áfrýjanda verið mótmælt.

Samkvæmt 223. gr. laga nr. 85/1936 taka ákvæði IX. kafla téðra laga til málsmeðferðar fyrir fógætadómi. Mót-mæli komu fram gegn lögtaksbeiðni stefnda, rökstudd með því, að áfrýjandi væri ekki útsvarsskyldur, þar sem pöntunarfélagið skipti aðeins við félagsmenn sína. Bar fógæta því að kveðja aðilja fyrir dóm og leiðbeina þeim samkvæmt 114. gr. áðurgreindra laga, svo að málið mætti verða skýrt nægilega. Fógæti hefur alls eigi gætt þessarar skyldu, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð ex officio og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrlausnar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógætaréttar Árnessýslu 27. nóvember 1943.

Gerðarþola í máli þessu, Pöntunarfélaginu á Eyrarbakka, var gert að greiða útsvar til Eyrarbyggahrepps á árinu 1942, að upphæð kr. 955.00. Þar sem það fékkst ekki greitt nema að hálfu leyti, baðst hreppsnéfnin lögtaks með bréfi, dags. 2 $\frac{1}{2}$ 1943. Var lögtaksúrskurður síðar uppkveðinn 1 $\frac{2}{3}$ s. á. og birtur gerðarþola 1 $\frac{1}{4}$ s. á. Hóf hreppstjórnin í Eyrarbyggahreppi síðan lögtaksgerð hjá gerðarþola þann 5. maí s. á., en frestaði gerðinni sakir mótmæla gerðarþola og kröfu um úrskurð í málinu.

Af hálfu Pöntunarfélagsins er þess krafizt, að synjað verði um framgang gerðarinnar, vegna þess að félagið sé ekki útsvarsskylt, og er það rökstutt með því, að það afgreiði aðeins nauðsynjavöru til félagsmanna og sé aðeins lagt á vöruna fyrir rekstrar-kostnaði að viðbættum 2%, sem renni í varasjóð. Af hálfu gerðar-

beiðanda er hins vegar talið, að félagið selji vörur á svipaðan hátt og aðrar verzlaniir og hljóti því að vera útsvarsskylt.

Pöntunarfélagið á Eyrarbakka er skráð í firmaskrá Árnassýslu 2% 1937. Er markmið þess talið að útvega félagsmönnum alls konar vörur með pöntunarstarfsemi. Samkvæmt 9. gr. félagslaganna skal nota félagssjóð til rekstrar félagsins. Í hann skal leggja 2% af viðskiptaveltu, inngöngugjald nýrra félaga, sem nemur 5 krónum, svo og annað það fé, sem honum kann að áskotnast samkvæmt samþykktum félagsfunda eða á annan hátt. Í 11. gr. félagslaganna er fyrir mælt, að aðalfundur ákveði, hve mikill ársarður skuli greiddur svo og að arður, sem ekki er sóttur á því ári, sem hann fellur til útborgunar, renni í félagssjóð. Enn fremur er sagt, að sá hluti árságóðans, sem ekki er úthlutað sem ársarði, renni í félagssjóð.

Samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna eru félög útsvarsskyld, önnur en þau, sem sérstaklega eru undanþegin útsvarsskyldu. Í lögum Pöntunarfélagsins er beinlinis fyrirskipuð sjóðsöfnun, og getur slík eignasöfnun orðið með ýmislegu móti. Fellur félagið því ekki undir undantekningarákvæði laganna um útsvarsskyldu, og verður rétturinn að líta svo á, að hið umbeðna lögtak eigi að fara fram.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 11. apríl 1945.

Nr. 2/1944. **Réttvísir** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Sigurjóni Óskari Gíslasyni (Eggert Claessen).

Gripdeild.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Hæð bótakröfu Gunnars Sigurgeirssonar er reist á mati því, er framkvæmt var 19. og 22. júní 1943. Mati þessu hefur ákærði mótmælt sem óstaðfestu, og þegar af þeirri ástæðu, að matsmenn hafa ekki staðfest matið fyrir dómi, er ekki unnt að leggja það til grundvallar ákvörðun bótafjárhæðar. Og með því að gögn